

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Innrimel 3, 301 Akranes

kt. 550399-2299

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR HEILBRIGÐISNEFNDAR VESTURLANDS

Miðvikudaginn 6. apríl 2016 kl: 11:15 var aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands haldinn á Hótel Hamri í Borgarnesi.

Mætt voru:

Fulltrúar aðildarsveitarfélaga frá:

Dalabyggð

Hvalfjarðarsveit

Snæfellsbæ

Stykkishólmi

Skorradalshreppi

Akranesi

Grundarfirði

Borgarbyggð

Eyja- og Miklaholtshreppi

Starfsmenn SSV

Stjórnarmenn:

Ingibjörg Valdimarsdóttir formaður

Eypór Garðarsson varaformaður

Ólafur Adolfsson

Starfsmenn HeV: Helgi Helgason framkvæmdastjóri HeV og Ása Hólmarsdóttir heilbrigðisfulltrúi sem ritaði fundargerð.

Ingibjörg Valdimarsdóttir formaður Heilbrigðisnefndar setti fundinn og bauð fundargesti velkomna og gerði hún að tillögu sinni að Hrefna B. Jónsdóttir yrði fundarstjóri sem var samþykkt.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar Heilbrigðisnefndar Vesturlands 2015

Ingibjörg Valdimarsdóttir formaður fór yfir skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2015.

2. Skýrsla Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2015.

Helgi Helgason framkvæmdastjóri fór yfir helstu atriði í starfi heilbrigðiseftirlitsins á síðasta ári og ræddi ýmis mál sem brenna á eftirlitinu í daglegu starfi. Í máli hans kom m.a fram að svör við erindum berist mjög seint frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti og er svaratími oft margir mánuðir og jafnvel ár. Þetta á einnig við um afgreiðslur á samþykktum frá sveitarfélögum t.d vegna gæludýra og fl.

Framkvæmdastjóri þakkaði Ólafi Adolfssyni fyrir samstarfið í nefndinni en Ólafur hefur ákveðið að láta af störfum í nefndinni.

Skýrslan framlögð og verður send rafrænt til sveitarstjórna.

3. Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2015.

Framkvæmdastjóri fór yfir ársreikninginn 2015. Ársreikningurinn var lagður fyrir heilbrigðisnefnd og samþykktur þar og undirritaður á stjórnarfundi 4. apríl s.l.

Ársreikningur verður sendur rafrænt til sveitarstjórna.

Ársreikningur samþykktur samhljóða.

4. Umræður um skýrslu stjórnar, skýrslu Heilbrigðiseftirlits og ársreikning.

Engar spurningar eða athugasemdir komu fram á fundinum vegna starfs HeV á síðasta ári.

5. Önnur mál.

a. Kosning í stjórn – breytingar.

Stungið var upp á Brynju Þorbjörnsdóttur, Hvalfjarðarsveit, í heilbrigðisnefnd í stað Ólafs Adolfssonar sem hefur ákveðið að hætta í heilbrigðisnefnd.

Samþykkt.

Ingibjörg Valdimarsdóttir formaður Heilbrigðisnefndar þakkaði Ólafi fyrir góð störf hans í nefndinni.

Ólafur þakkaði starfsfólki HeV og samstarfsmönnum í nefndinni fyrir samstarfið á liðnum árum og minnti jafnframt á að í Heilbrigðisnefnd myndi veljast fólk sem hefur áhuga og elju til að takast á við mikilvæg verkefni. Hvatti hann sveitarfélög á Vesturlandi að standa vörð um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.

Fundi slitið kl 12:00.